

ALDUR OG VÖXTUR Á SILUNGI Í SLÉTTUHLÍÐARVATNI1972I Gagnasöfnun

15/7 lagði ég 4 tilraunanet í vatnið. Þau voru á 1-3 m dýpi, og lágu yfir hádaginn frá kl. 14.00 - 20.00. Nóttina áður hafði verið mjög hvasst svo vatnið var nokkuð litað. Afli varð sem hér segir:

<u>möskvastærð</u> (mm leggur) (omf/alin)	<u>fjöldi fiska</u> <u>urriði</u>	<u>bleikja</u>	<u>samtals</u>
35	2	1	3
29	9	6	15
26	10	6	16
21	1	5	6
	22	18	40

Lengdardreifing aflans sést í töflu 1 bls. 4. Aldurssýni voru tekin af 11 bleikjum og 21 urriða, og fengust eftirfarandi niðurstöður.

II FiskstofnarnirA. Bleikja

Bleikjan sem veiddist var 19.5 - 34.0 cm að lengd. 5 aldurs-sýnanna reyndust ógreinanleg við fyrstu athugun, vegna þess hve kvarnirnar voru þykkar og ógagnsæjar. Eru því aðeins til 6 nothæf sýni.

<u>aldur</u> <u>í árum</u>	<u>fjöldi</u> <u>fiska</u>	<u>lengd í cm</u>
2+	2	19.5 og 21.5
3+(eða 4+)	1	26.0
8+	2	30.0 og 34.0
10+(eða eldri)	1	33.0

Þessi gögn gefa til kynna að vöxtur bleikjunnar staðni að mestu þegar hún hefur náð 32-34 cm lengd.

B. Urriði

Aldursgreining á 21 urriða 17.2 - 34.5 cm að lengd gaf eftirfarandi niðurstöður.

<u>aldur</u> <u>í árum</u>	<u>fjöldi</u> <u>fiska</u>	<u>lengd í cm</u>
3+	2	17.2 - 19.0
4+	3	23.0 - 27.5
5+	6	22.5 - 30.5
6+	7	26.0 - 33.0
7+	3	30.0 - 34.5

Af hreistrinu hefur meðallengd fiskanna í lok hvers vetrar verið reiknuð út:

lengd við 1. vetur	2.9 cm
" " 2. "	7.5 "
" " 3. "	14.2 "
" " 4. "	20.0 "
" " 5. "	24.1 "
" " 6. "	28.0 "
" " 7. "	30.4 "

Á mynd 1 hafa þessar tölur verið settar upp í línurit.

Þar sést að urriðinn vex ágætlega 4 fyrstu árin (5 cm að meðaltali á ári), en eftir það dregur mjög úr vextinum og hann er orðinn afar hægur eftir 6 ára aldur (1.8 cm frá 6-7 árs).Nú veiddast að sögn fiskar sem eru mun stærri en þeir sem nú veiddust. En þeir ná sennilega þeirri stærð einungis vegna þess að þeir éta bleikju, en það er óhagkvæm nýting að láta fiska éta hvorn annan.

III Ályktanir

Líklegt er að bleikjan staðni að mestu við 32 cm, og að talsvert sé í vatninu af gamalli bleikju. Þarf því að yngja upp stofninn með því að veiða þann fisk.

Urriðinn sem veiddist var ekki gamall, en mjög farin að hægja vöxtinn. Hefði vaxtarhraðinn haldist jafn frá 4 ára aldri eins og vanalegt er í vötnum þar sem fiskstofninn er í jafnvægi við næringarframboðið, þá hefði urriðinn verið orðinn 37 cm að lengd eftir 7 ár og um 500 g að þyngd að meðaltali. En vegna þess hve mjög dregur úr vexti, eru 7 ára fiskar 30.4 cm að meðaltali og aðeins 270 g að þyngd. Þar sem vöxtur fiska er beinlínis háður því næringarmagni, sem þeir fá, liggur beint við að skýra þessa vaxtarrýrnun þannig. Nú er svo, að fæðumagni stöðuvatna eru viss takmörk sett, og þess vegna er það fjöldi fiska í vatninu sem ræður því hve mikið fellur til handa hverjum þeirra. Stórir fiskar þurfa meiri mat en þeir litlu og kemur því fæðuskortur harðar niður á þeim. Vöxturinn minnkar því er fiskurinn stækkar og getur í slæmum tilfellum stöðvast alveg.

Óvenju mikið af bandormi var í kviðarholi fiskanna sem veiddust í vatninu, en einmitt þar sem fiskstofninn er þéttur er meiri sýkingarhætta af völdum sníkjudýra. Ber því að grafa allt slóg og innýfli og ganga þannig frá, að fugl komizt ekki í það. Lokatakmark bandorma í fiskinum er að komast í fugl til þess að verða þar kynþroska.

IV Aðgerðir til úrbóta

Augljóst er að ekki hefur verið veitt nógu mikið í vatninu á síðustu árum og fiskstofnarnir því orðnir of þéttir. Sérstaklega á þetta við um bleikjuna.

Miða ætti við að taka úr vatninu 5-10 kg af hverjum hektara árlega. Ef þetta er ekki hægt með stöng, þá eru net eina ráðið. Miðað við að vatnið sé ca 60 ha að stærð, svarar það til 1500 - 2500 fiska á ári af stærðinni 4 - 5 í kílóíð. Hentug möskvastærð er 29 mm á legg og 32 mm á legg notuð jöfnum höndum.

Til þess að eigi yrðu árekstrar vegna laxgengdar í vatnið væri æskilegast að framkvæma netaveiðar þessar á þeim tíma sem lax er ekki í vatninu, þ.e. vor og haust. Eins er skylt að fara eftir ákvæðum laxveiðilaganna umhelgarfriðun á laxveiðitímabilinu.

Tafla 1.

SLÉTTUHLÍÐARVATN, SKAGAFIRDI

VEIDIMÁLASTJÓRI

Afli úr 4 netum 15/7 1972 kl. 14 - 20.00

SKIPTING AFLANS Í 3 SM LENGDFLOKKA


FISKTEGUND	DAGS:	Fjöldi fiska í lengdarflokki															SAMTALS
		< 13.5	13.5 - 16.4	16.5 - 19.4	19.5 - 22.4	22.5 - 25.4	25.5 - 28.4	28.5 - 31.4	31.5 - 34.4	34.5 - 37.4	37.5 - 40.4	40.5 - 43.4	43.5 - 46.4	46.5 - 49.4	> 49.4		
Bleikja	15/7			2	2	6	4	4									18
Urriði	"		2		3	6	5	4	1								21 ^x
																	39

^xEinn vanskapaður urriði var ekki mældur.

SLÉTTUHLÍÐARVATN

1972

VAXTARLÍNURIT FYRIR URRIDA,
(meðaltal 20 fiska)



SLÉTTUHLÍÐARVATN

1972

ALDURSDRETFING BLEIKJU

